



MOSFELLSBÆR

Klörusjóður

Nýsköpunar- og þróunarsjóður skóla- og frístundastarfs Mosfellsbæjar

LEIÐBEININGAR MEÐ UMSÓKN

Umsóknum skal skilað rafrænt á Íbúagátt Mosfellsbæjar fyrir auglýstan umsóknarfrest. Nánari upplýsingar má finna á vef Mosfellsbæjar, mos.is/klorusjodur.

1. UMSÆKJANDI

Nafn starfsstaða(r) sem ber(a) ábyrgð á verkefninu og upplýsingar um verkefnisstjóra/tengilið viðkomandi starfsstaðar.

2. AÐRIR UMSÆKJENDUR

Þegar um er að ræða samstarfsverkefni fleiri aðila skal skrá niður nöfn þeirra sem koma að verkefninu og á hvaða starfsstað viðkomandi vinnur.

3. HEITI VERKEFNIS

Heiti verkefnisins á að vera lýsandi, stutt og hnitmiðað.

4. LÝSING Á VERKEFNINU

- Hvað ætlum við að gera í verkefninu?
- Markmið og leiðir.
- Tenging við Menntastefnu Mosfellsbæjar.
- Tenging við aðrar stefnur Mosfellsbæjar.
- Tenging við aðalnámskrá - skólanámskrá.
- Ávinningur fyrir börn í skóla- og frístundastarfi.
- Framkvæmd verkefnis, aðferðir og tímaáætlun:
a) tímalengd, b) verkþættir og ábyrgðarmenn, c) samstarfsaðilar, d) ráðgjöf, e) tenging við rannsóknir og hvernig þær eru nýttar, f) annað.

5. MAT OG NIÐURSTÖÐUR VERKEFNIS

- Hvernig verður árangur verkefnisins metinn.
- Hvernig verða niðurstöður kynntar t.d skýrsla, fræðslufundir, ráðstefnur.
- Hvaða nýju þekkingu mun verkefnið skila inn í skóla- og frístundastarf.

6. KOSTNAÐARÁÆTLUN

- Sundurliðuð kostnaðaráætlun s.s laun og launatengd gjöld þeirra aðila sem koma að verkefninu og þjónustu- og efniskostnaður.
- Aðrir styrkir.

7. FYLGISKJÖL

Hér skal skrá fylgiskjöl, s.s. kostnaðaráætlun, ítarefni og heimildir ef við á.

8. ÁGRIP

Stutt heildarlýsing á verkefninu (200 orð).

